

Isavia ohf.

Samandreginn
árshlutareikningur samstæðu

1.1 - 30.06 2019

Isavia ohf.
Reykjavíkurlflugvelli
101 Reykjavík
kt. 550210-0370

Isavia ohf.

Samandreginn
árshlutareikningur samstæðu

1.1 - 30.06 2019

Efnisyfirlit

Könnunaráritun óháðra endurskoðenda	2
Skýrsla stjórnar	3
Yfirlit um heildarafkomu	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um eigið fé	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-15

Könnunaráritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa í Isavia ohf.

Við höfum í umboði Ríkisendurskoðunar, kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning Isavia ohf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2019. Samstæðuárshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um eigið fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við reikningsskilastaðal IAS 34, árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að samstæðuárshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2019 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við IAS 34, árshlutareikningsskil, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringu 14 með árshlutareikningnum þar sem fjallað er um óvissu um innheimtu kröfu á Ríkisskattstjóra vegna virðisaukaskatts.

Kópavogur, 26. september 2019

Deloitte ehf.

Anna Birgitta Geirfinnsdóttir
endurskoðandi

Kristján Þór Ragnarsson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Isavia er opinbert hlutfélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutfélög. Isavia ohf. á og rekur Keflavíkurflugvöll ásamt því annast rekstur innanlandsflugvalla á Íslandi samkvæmt þjónustusamningi við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið. Eignarhald og viðhald á innviðum innanlandsflugvallanna er á forræði ríkisins. Félagið stýrir jafnframt flugumferð á íslenska flugstjórnarsvæðinu. Isavia ohf. er þjónustufyrirtæki í flugvallastarfsemi og flugleiðsögu og leggur grunn að flugsamgöngum Íslands.

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Isavia ohf. og dótturfélaga þess, Fríhafnarinnar ehf. Tern Systems ehf., Domavia ehf. og Suluk ApS fyrir tímabilið 1.1 - 30.06 2019. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, um árshlutareikninga.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur samstæðunnar 18.162 milljónum króna á tímabilinu. Tap af rekstrinum á sama tíma nam um 2.524 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi námu heildareignir samstæðunnar um 78.683 milljónum króna í lok tímabilsins. Eigið fé í lok tímabilsins nam um 32.743 milljónum króna. Eiginfjárlutfall er 41,6%.

Í lok tímabilsins var einn hluthafi í félaginu sem er Ríkissjóður.

Að álitum stjórnar og forstjóra Isavia ohf. koma fram í árshlutareikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins 30.06 2019, rekstrarárangri og fjárhagslegri þróun á tímabilinu 1.1 - 30.6 2019.

Það ber að benda sérstaklega á að til staðar er óvissa um meðferð innsendra virðisaukaskattsskýrslna hjá Ríkisskattstjóra fyrir tímabilið september 2016 til desember 2018 en frá og með byrjun árs 2019 er óvissan ekki lengur til staðar eftir breytingu á lögum um virðisaukaskatt. Umfjöllun um óvissuna má finna í skýringu númer 14 með ársreikningnum, en félagið hefur með rökstuddum hætti haldið sjónarmiðum sínum á lofti. Þar til endanlegur úrskurður fellur í málinu verður til staðar óvissa og ef niðurstaðan verður félaginu óhagstæð mun það hafa áhrif á rekstur og efnahag félagsins.

Þá er einnig umfjöllun í skýringu 14 um kröfu félagsins vegna ógreiddra flugtengdra gjalda Wow air fyrir gjaldþrot þess félags, en möguleikar félagsins til innheimtu kröfunnar minnkuðu við úrskurð héraðsdóms Reykjaness hvað varðar stöðvun á flugvél sem var í rekstri flugfélagsins. Að mati félagsins er sá úrskurður rangur, en í ljósi óvissu um heimtur fjárhæðarinnar í kjölfar úrskurðarins var framkvæmd reikningshaldsleg niðurfærsla vegna kröfunnar. Sú niðurfærsla breytir þó ekki þeirri skoðun félagsins að um rangan úrskurð hafi verið að ræða og ákvörðun héraðsdómara um synjun á frestun réttaráhrifa í þeim úrskurði sé verulega ámælisverð.

Það er álit stjórnar og forstjóra Isavia ohf. að reikningsskilareglur félagsins séu viðeigandi og að í samstæðuárshlutareikningi þessum sé að finna gott yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins, áhættustýringu og helstu óvissuþætti í umhverfi félagsins.

Stjórn og forstjóri Isavia ohf. staðfesta hér með samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. september 2019

Í stjórn

Orri Hauksson
stjórnarformaður

Eva Pandora Baldursdóttir

Matthías Páll Imsland

Nanna Margrét Gunnlaugsdóttir

Valdimar Halldórsson

Forstjóri

Sveinbjörn Indriðason

Yfirlit um heildarafkomu 1.1 - 30.06 2019

	Skýr.	Samstæða	
		1.1 - 30.06 2019	1.1 - 30.06 2018
Rekstrartekjur	4	18.161.710	19.015.393
Kostnaðarverð seldra vara		(2.985.230)	(2.957.596)
Laun og annar starfsmannakostnaður	5	(9.479.644)	(9.309.212)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(287.531)	(302.726)
Annar rekstrarkostnaður		(2.359.869)	(2.531.039)
Niðurfærsla viðskiptakrafna	14	(2.084.840)	(30.872)
Afskriftir	8,9	(1.907.001)	(1.697.705)
(Rekstrartap) hagnaður		(942.406)	2.186.242
Fjármunatekjur	6	145.794	88.965
Fjármagnsgjöld	6	(580.945)	(545.732)
Gengismunur	6	(1.795.411)	193.700
(Tap) hagnaður fyrir skatta		(3.172.967)	1.923.176
Tekjuskattur	7	648.681	(352.190)
Heildarafkoma tímabilsins		(2.524.286)	1.570.985

Efnahagsreikningur 30. júní 2019

Eignir	Skýr.	Samstæða	
		30.06 2019	31.12 2018
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	8	57.316.291	57.195.995
Óefnislegar eignir	9	4.842.233	4.965.176
Leigueignir	10	188.609	0
Skuldabréfaeign	12	131.013	152.967
		<u>62.478.146</u>	<u>62.314.137</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	13	750.187	674.761
Viðskiptakröfur	14	4.777.439	5.616.752
Næsta árs hluti langtímakrafna	12	37.980	37.514
Aðrar skammtímakröfur	14	6.060.159	5.754.389
Handbært fé	14	4.579.462	5.436.127
		<u>16.205.227</u>	<u>17.519.544</u>
Eignir		<u>78.683.373</u>	<u>79.833.681</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutfé	15	5.589.063	5.589.063
Lögbundinn varasjóður		2.483.798	2.483.798
Sérstakur endurmatsreikningur		43.022	43.684
Óráðstafað eigið fé		24.627.658	27.150.903
		<u>32.743.541</u>	<u>35.267.448</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Skuldir við lánastofnanir	16	32.767.419	33.626.775
Leigusamningar	17	132.163	0
Tekjuskattsskuldbinding	18	1.488.487	2.138.638
		<u>34.388.068</u>	<u>35.765.413</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	19	1.545.564	1.858.581
Næsta árs afborganir langtímaskulda	16	5.365.580	3.133.778
Næsta árs afborganir leiguskulda	17	57.886	0
Ógreiddir reiknaðir skattar	7	1.469	953.694
Aðrar skammtímaskuldir	19	4.581.264	2.854.767
		<u>11.551.763</u>	<u>8.800.819</u>
Skuldir		<u>45.939.831</u>	<u>44.566.233</u>
Eigið fé og skuldir		<u>78.683.373</u>	<u>79.833.681</u>

Yfirlit um eigið fé 1.1.-30.06.2019

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Endurmats- reikningur	Þýðingarmunur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2018	5.589.063	2.483.798	45.007	0	22.887.611	31.005.480
Endurmat afskrifað	0	0	(662)	0	662	0
Þýðingarmunur	0	0	0	(7)	0	(7)
Heildarafkoma tímabilsins	0	0	0	0	1.570.985	1.570.985
Eigið fé 30. júní 2018	5.589.063	2.483.798	44.345	(7)	24.459.258	32.576.458
Eigið fé 1. janúar 2019	5.589.063	2.483.798	43.684	0	27.150.903	35.267.448
Endurmat afskrifað	0	0	(662)	0	662	0
Þýðingarmunur	0	0	0	0	379	379
Heildarafkoma tímabilsins	0	0	0	0	(2.524.286)	(2.524.286)
Eigið fé 30. júní 2019	5.589.063	2.483.798	43.022	0	24.627.658	32.743.541

Engin arðgreiðsla var á tímabilinu til hluthafa. Allt hlutfé er innborgað.

Yfirlit um sjóðstreymi 1.1 - 30.06 2019

	Skýr.	Samstæða	
		1.1 - 30.06 2019	1.1 - 30.06 2018
Rekstrarhreyfingar			
(Rekstrartap) hagnaður		(942.406)	2.186.242
Afskriftir	8,9	1.907.001	1.697.705
Breyting varúðarniðurfærslu skammtímalíða		2.080.801	31.242
Söluhagnaður fastafjármuna		546	2.491
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		3.045.942	3.917.680
Vörubirgðir (hækkun)		(73.211)	(130.941)
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun)		(1.512.775)	(2.467.555)
Rekstrartengdar skuldir hækkun		865.853	568.028
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		2.325.808	1.887.212
Innborgaðir vextir og arður		88.216	71.433
Greiddir vextir		(490.796)	(511.785)
Greiddir skattar		(381.718)	(457.195)
Handbært fé frá rekstri		1.541.511	989.665
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjárm. og óefnislegar eignir	8,9	(1.873.913)	(3.037.822)
Afborganir skuldabréfa		25.797	22.244
		(1.848.116)	(3.015.578)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímaskulda		(564.298)	(562.734)
Afborganir leigusamninga		(29.252)	0
Hækkun á skammtímaskuldum við lánastofnanir		0	1.882.133
		(593.550)	1.319.399
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		(900.155)	(706.515)
Handbært fé í upphafi tímabils	14	5.436.127	3.101.287
Gengismunur handbærs fjár		43.490	(22.281)
Handbært fé í lok tímabilsins		4.579.462	2.372.491

Skýringar

1. Starfsemi

Isavia ohf. var stofnað í ársbyrjun 2010 með samruna Flugstoða ohf. og Keflavíkurflugvallar ohf. Isavia ohf. er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og er heimili og varnarþing félagsins á Reykjavíkflugvelli.

Isavia ohf. annast rekstur og uppbyggingu allra flugvalla á Íslandi og stýrir jafnframt flugumferð á íslenska flugstjórnarsvæðinu sem er 5,4 milljónir ferkílómetrar að stærð og eitt það stærsta í heiminum. Eitt af hlutverkum Isavia ohf. er að tryggja að flugöryggi sé í samræmi við viðurkenndar alþjóðlegar öryggiskröfur og aðferðir.

Samstæðuárshlutareikningurinn nær til Isavia ohf. og dótturfélaga þess. Félög innan samstæðunnar eru auk Isavia ohf., Fríhöfnin ehf., Tern Systems ehf., Domavia ehf. og Suluk ApS.

2. Reikningsskilaaðferðir

Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samandreginn árs hlutareikningur samstæðu Isavia ohf. fyrir tímabilið 1.1 - 30.06 2019 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árs hlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Samandreginn árs hlutareikningur Isavia ohf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í sambengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2018.

Við gerð árs hlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2018 að því undanskildu að einn nýr reikningsskilastaðal (IFRS 16) tók gildi 1. janúar 2019, sjá áhrif af innleiðingu hér að neðan. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá fyrirtækinu eða á vef þess; www.isavia.is.

IFRS 16 Leigusamningar setur fram nýjar kröfur um reikningsskil vegna leigusamninga. Miklar breytingar eru á reikningsskilaaðferðum leigutaka þar sem ekki er lengur greint á milli fjármögnunarleigu og rekstrarleigu, heldur er þess krafist að færð verði leiguskuldbinding og nýtingaréttur til eignar vegna allra leigusamninga. Aðeins eru gerðar undantekningar fyrir skammtímaleigu (til skemmri tíma en 12 mánaða) og fyrir leigueignir með lágt virði. Staðallinn hefur ekki áhrif á reikningsskilaaðferðir félagsins sem leigusala.

Samstæðan beitir afturvirkri innleiðingu að hluta, þannig að samanburðartölur eru ekki endurgerðar og nýtingarréttur vegna leigueigna er jafn leiguskuldum við innleiðingu 1. janúar 2019. Félagið nýtir sér undanþágu staðalsins frá endurflokkun samninga sem hafa verið skilgreindir sem leigusamningar samkvæmt IAS 17 og IFRIC 4 fyrir innleiðingardag. Kröfum IFRS 16 er þannig við innleiðingu beitt á leigusamninga sem voru flokkaðir sem slíkir á innleiðingardegi.

Með innleiðingu IFRS 16 þá breytist eðli gjalda sem tengjast rekstrarleigusamningum félagsins um lóðir og fasteignir þar sem félagið færir nú afskriftir af nýtingarrétti og vaxtagjöld af leiguskuld, en hafði áður gjaldfært leigugreiðslur á meðal rekstrargjalda línulega á líftíma samninganna. Áhrif á reikningsskilin eru lægri hagnaður á fyrri hluta árs 2019 sem nemur um 1,3 milljón króna. Áhrif á einstaka liði rekstrarreikningsins eru eftirfarandi: Hækkun afskrifta um 30,9 milljónir króna, hækkun vaxtagjalda um 3,6 milljónir króna og lækkun rekstrargjalda um 33,2 milljónir króna. Á innleiðingardegi 1. janúar 2019 færði félagið leiguskuldbindingu að fjárhæð 181,9 milljónir króna og breyting samninga á tímabilinu nam 34,7 milljónum króna eða samtals 216,6 milljóna króna leiguskuldbinding sem var færð á tímabilinu. Nýtingaréttur var færður að sömu fjárhæðum í efnahagsreikning. Samkvæmt IAS 17 voru allar greiðslur vegna rekstrarleigu sýndar meðal rekstrarhreyfinga í sjóðstreymi. Áhrif innleiðingar IFRS 16 á sjóðstreymi eru hækkun handbærs fjár frá rekstri um 29,3 milljónir og lækkun á handbæru fé vegna fjármögnunarhreyfinga um sömu upphæð.

Grundvöllur reikningsskilanna

Árs hlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að ein eign fastafjármuna er endurmetin.

3. Reikningshaldslegt mat

Við gerð árs hlutareikningsins þurfa stjórnendur, í samræmi alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Stjórnendur hafa gefið sér forsendur um og lagt reikningshaldslegt mat á eftirfarandi liði sem hafa veruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar:

- varanlegir rekstrarfjármunir
- óefnislegar eignir
- vörubirgðir
- viðskiptakröfur
- tekjuskattskuldbinding

Skýringar

4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:	1.1 - 30.06 2019	1.1 - 30.06 2018
Tekjur Flugleiðsögu.....	3.503.604	3.151.594
Tekjur Innanlandskerfis.....	1.251.428	1.252.731
Tekjur Keflavíkurflugvallar.....	7.173.822	8.011.311
Tekjur annarra starfsþátta.....	59.360	64.603
Tekjur af vörusölu.....	6.132.435	6.071.628
Tekjur aðrar.....	41.061	463.526
	<u>18.161.710</u>	<u>19.015.393</u>

5. Laun og annar starfsmannakostnaður

	1.1 - 30.06 2019	1.1 - 30.06 2018
Laun	7.198.651	6.962.241
Lífeyrissjóðir, mótframlag	1.086.294	1.063.018
Tryggingagjald	526.336	543.890
Önnur launatengd gjöld	120.156	113.744
Orlofs- og lífeyrisskuldbinding, breyting	347.833	409.264
Eignfærður launakostnaður	(190.673)	(191.558)
Annar starfsmannakostnaður	391.046	408.614
	<u>9.479.644</u>	<u>9.309.212</u>

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur:

	1.1 - 30.06 2019	1.1 - 30.06 2018
Vaxtatekjur af bankareikningum	68.712	30.447
Vaxtatekjur af fjáreignum sem ætlað er að halda til gjalddaga	6.372	7.317
Aðrar vaxtatekjur	70.710	51.201
	<u>145.794</u>	<u>88.965</u>

Fjármagnsgjöld:

	1.1 - 30.06 2019	1.1 - 30.06 2018
Vaxtagjöld og verðbætur	(543.463)	(506.558)
Þóknanir innheimtufyrirtækja	(36.496)	(33.153)
Dráttarvaxtagjöld	(986)	(6.021)
	<u>(580.945)</u>	<u>(545.732)</u>

Gengismunur:

	1.1 - 30.06 2019	1.1 - 30.06 2018
Gengismunur	<u>(1.795.411)</u>	<u>193.700</u>

7. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í árs hlutareikninginn og nemur tekjufærð fjárhæð í rekstrarreikningi 648,7 milljónum króna en áætlaður tekjuskattur til greiðslu vegna afkomu tímabilsins nemur um 1,5 milljón króna.

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

	1.1 - 30.06 2019		1.1 - 30.06 2018	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir skatta	(3.172.967)		1.923.176	
Skatthlutfall	634.593	20,0%	(384.635)	20,0%
Aðrir liðir	14.088	-0,7%	32.445	-1,7%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	<u>648.681</u>	20,4%	<u>(352.190)</u>	18,3%

Skýringar

8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Fasteignir og listaverk	Flughlöð og bílastæði	Stjórnkerfi og aðflugsbúnaður	Aðrar eignir	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða í upphafi tímabils	35.665.140	18.510.762	3.976.041	15.732.489	73.884.432
Gengismunur	0	0	0	59	59
Eignfært á tímabilinu	657.690	337.210	38.408	790.961	1.824.270
Aflagt á tímabilinu	0	0	0	(40.122)	(40.122)
Selt á tímabilinu	0	0	0	(9.902)	(9.902)
Staða í lok tímabils	36.322.831	18.847.972	4.014.448	16.473.485	75.658.737
Afskriftir					
Staða í upphafi tímabils	7.949.850	2.472.383	1.603.889	4.662.316	16.688.439
Afskrift tímabilsins	481.422	392.167	162.230	664.473	1.700.291
Aflagt á tímabilinu	0	0	0	(40.122)	(40.122)
Selt á tímabilinu	0	0	0	(6.161)	(6.161)
Staða í lok tímabils	8.431.272	2.864.551	1.766.119	5.280.506	18.342.447
Bókfært verð					
Bókfært verð í upphafi tímabils	27.715.290	16.038.378	2.372.151	11.070.173	57.195.993
Bókfært verð í lok tímabilsins	27.891.559	15.983.421	2.248.329	11.192.980	57.316.289
Afskriftarhlutföll	1-14%	2-20%	5-35%	7-33%	
Upplýsingar um endurmetnar fasteignir í lok tímabilsins:					
				30.06 2019	31.12 2018
Endurmetið bókfært verð				111.205	109.707
Þar af áhrif sérstakt endurmats				(54.075)	(53.268)
Bókfært verð án áhrifa endurmats				57.130	56.439
Fasteignamat og váttryggingamat eigna félagsins í lok tímabilsins greinist þannig:					
				Fasteignamat	Váttrygginga- mat
Fasteignir og lóðir				25.981.015	56.017.843
Vélar og tæki, eignatryggingar					12.137.098
Aðrar lausafjártryggingar					750.822
Rekstrarstöðvunartrygging					20.788.586

Skýringar

9. Óefnislegar eignir

	Afnotasamn. um mannvirki	Afnotasamn. um flugbrautir	Hugbúnaður og þróunarkostnaður	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða í upphafi tímabils	477.035	5.706.000	1.181.224	7.364.259
Aflagt á fyrri árum leiðrétt milli liða	0	0	97.715	97.715
Eignfært á tímabilinu	0	0	52.838	52.838
Staða í lok tímabils	477.035	5.706.000	1.331.777	7.514.812
Afskriftir				
Staða í upphafi tímabils	159.055	1.902.513	337.516	2.399.084
Aflagt á fyrri árum leiðrétt milli liða	0	0	97.715	97.715
Afskrift tímabilsins	7.950	95.087	72.744	175.780
Staða í lok tímabils	167.004	1.997.601	507.974	2.672.579
Bókfært verð				
Bókfært verð í upphafi tímabils	317.980	3.803.487	843.708	4.965.176
Staða í lok tímabils	310.031	3.708.399	823.803	4.842.233
Afskriftarhlutföll	3,3%	3,3%	0-10%	

Þróunarkostnaður að fjárhæð um 62,5 milljónir króna vegna vinnu við þróun hugbúnaðar sem ætlaður er til sölu á heimsmarkaði á næstu árum var eignfærður á árunum 2012 til 2015. Um er að ræða eignfærslu á einni hugbúnaðarvöru félagsins sem nefnd er Tern ATC System eða TAS en þessi hugbúnaður skiptist í nokkra hluta. Þróun hugbúnaðarins lauk á seinni hluta árs 2015 og er hann tilbúinn til sölu og kominn í notkun hjá viðskiptavinum. Stjórnendur félagsins hafa metið að þessi eign hafi ekki orðið fyrir virðisrýrnun. Annar hugbúnaður er aðkeyptur og er áætlaður líftími hans 3 - 20 ár.

Samkvæmt samningi milli Keflavíkurflugvallar ohf., nú Isavia ohf. og Varnamálastofnunar, nú Landhelgisgæslu Íslands sem undirritaður var 22. apríl 2009 tók félagið yfir afnot til næstu 30 ára frá ársbyrjun 2009 að telja, á tilgreindum flugvallarmannvirkjum og búnaði á mannvirkjaskrá NATO á Keflavíkurflugvelli. Ekki er innheimt sérstakt endurgjald fyrir afnot mannvirkjanna en félagið skal standa straum af öllum kostnaði við daglegan rekstur og viðhald þeirra, þannig að tryggt sé að ástand þeirra sé í samræmi við samþykkt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Landshelgisgæslan f.h. NATO hefur rétt til afnota á mannvirkjunum. Afnotarétturinn er gjaldfærður hlutfallslega yfir leigutímann.

10. Leigueignir

Leigueignir eru færðar í samræmi við alþjóðlegan reikningskilastaðal IFRS 16. Forsendur staðalsins og upplýsingar er að finna í skýringu númer 2 en greining á leigueignum á tímabilinu er eftirfarandi:

Leigueignir á innleiðingardegri IFRS 16 þann 1. janúar 2019	181.910
Breytingar leigueigna á tímabilinu	34.973
Afskrif tímabilsins	(30.929)
Verðbætur tímabilsins	2.656
Staða í lok tímabils	188.609

11. Samstæða

Samstæða Isavia ohf. samanstendur af eftirfarandi dótturfélögum:

	Hlutdeild	Nafnverð	Meginstarfsemi
Eignarhlutar í dótturfélögum:			
Fríhöfnin ehf., Keflavíkurflugvelli	100,00%	50.000	Verslunarstarfsemi
Tern Systems ehf., Kópavogi	100,00%	80.000	Hugbúnaðargerð og ráðgjöf
Domavia ehf., Reykjavík	100,00%	500	Fasteignarekstur
Suluk ApS - Grænland	100,00%	1.999	Þjónusta flugumferðarstjóra

Skýringar

12. Skuldabréfaeign

	30.06 2019	31.12 2018
Skuldabréfalán	168.992	190.481
Næsta árs afborgun	(37.980)	(37.514)
	<u>131.013</u>	<u>152.967</u>

Afborganir skuldabréfaeignar og langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:

	30.06 2019	31.12 2018
Tímabilið 1.7 2019 - 30.6 2020 / 1.1 2019 - 31.12 2019	37.980	37.514
Tímabilið 1.7 2020 - 30.6 2021 / 1.1 2020 - 31.12 2020	38.339	37.852
Tímabilið 1.7 2021 - 30.6 2022 / 1.1 2021 - 31.12 2021	38.714	38.205
Tímabilið 1.7 2022 - 30.6 2023 / 1.1 2022 - 31.12 2022	24.106	38.575
Tímabilið 1.7 2023 - 30.6 2024 / 1.1 2023 - 31.12 2023	9.516	8.961
Tímabilið 1.7 2024 - 30.6 2025 / 1.1 2024 - 31.12 2024	9.944	9.364
Afborganir síðar	10.392	20.011
	<u>168.992</u>	<u>190.481</u>

13. Vörubirgðir

	30.06 2019	31.12 2018
Vörur til endursölu	638.659	623.666
Vörur í flutningi	121.949	63.731
Varúðarniðurfærsla	(10.422)	(12.636)
	<u>750.187</u>	<u>674.761</u>
Tryggingaverðmæti birgða	725.000	686.549

14. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	30.06 2019	31.12 2018
Innlendar viðskiptakröfur	6.449.812	5.033.487
Erlendar viðskiptakröfur	661.326	833.541
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(2.333.698)	(250.684)
Viðskiptakrafa vegna Joint Finance samningsins	0	408
	<u>4.777.439</u>	<u>5.616.752</u>

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda, reynslu fyrri ára og efnahagshorfum á reikningsskiladegi. Niðurfærsla er metin samkvæmt kröfum IFRS 9 og var eftirfarandi:

Félagið metur niðurfærslu viðskiptakrafna út frá líkum á því að vanefndir verði einhvern tímann á líftíma viðskiptakrafna. Viðskiptakröfum er skipt í aldursflokka og niðurfærsla áætluð fyrir hvern aldurflokk sem byggir á reynslu fyrri ára, mati stjórnenda og framtíðarhorfum í efnahagsumhverfi viðskiptavina. Það er álit stjórnenda félagsins að bókfært verð viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna endurspeglir gænavirði þeirra.

Félagið álitur að hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun krafna séu til staðar ef upplýsingar félagsins sér eða frá utanaðkomandi aðilum benda til þess að skuldari sé í greiðsluferðleikum eða ef krafa er komin meira en 90 daga framyfir gjalddaga.

Þann 28. mars síðastliðinn beitti Isavia stöðvunarheimild á loftfar sem hafði verið í rekstri Wow air á grundvelli ógreiddra notendagjalda vegna starfsemi flugfélagsins á Keflavíkflugvelli. Stöðvuninni var beitt samkvæmt heimild í 1. mgr. 136. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir. Samkvæmt orðanna hljóðan í fyrrnefndri heimild, fyrri dómafordæmum og beitingu ákvæðisins á fyrri árum var stöðvunarheimildinni beitt fyrir öllum ógreiddum notendagjöldum flugfélagsins. Eigandi flugvélarinnar höfðaði innsetningamál fyrir héraðsdómi Reykjaness í þeirri viðleitni að fá stöðvun flugvélarinnar hnekkst sem á endanum skilaði sér í þeim úrskurði héraðsdómsins að stöðvunarheimild yrði aflétt eftir að eigandi flugvélarinnar myndi greiða ógreidd notendagjöld sem einungis tilheyrðu viðkomandi flugvél. Isavia fékk ekki tækifæri til að skjóta þeim úrskurði til æðra dómstígs sem er að mati félagsins verulega ámælisvert í ljósi þeirra hagsmuna sem til staðar eru og þá hafði æðra dómvald áður úrskurðað félaginu í vil. Þó svo að sá úrskurður hafi verið ómerkjur af lagatæknilegum ástæðum þá stendur eftir skoðun æðra dómvalds. Í ljósi þess að ígildi veðs fyrir greiðslu ógreiddra notendagjalda hafi horfið vegna úrskurðar héraðsdóms Reykjaness þótti rétt að færa kröfuna að fjárhæð 2.081,2 milljónir króna niður í bókum félagsins. Sú niðurfærsla breytir þó engu um þá skoðun félagsins að um rangan úrskurð hafi verið að ræða og ákvörðun héraðsdómara um synjun á frestun réttaráhrifa í þeim úrskurði sé verulega ámælisverð. Isavia hyggst áfram leita leiða til að fá úrskurði héraðsdóms Reykjaness hnekkst.

Skýringar

14. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

Taflan sýnir framlag í niðurfærslureikning eftir aldursflokkum viðskiptakrafna.

Dagar fram yfir gjalddaga	30.06 2019			
	Vænt útlánatap	Brúttó virði	Niðurfærsla	Bókfært verð
Ógjaldfallið	1%	2.828.568	35.451	2.793.117
1-90 daga	13%	1.483.337	199.496	1.283.842
91-180 daga	54%	1.139.664	615.978	523.686
181-270 daga	97%	942.062	911.438	30.623
>271 daga	80%	717.506	571.335	146.171
Samtals		7.111.137	2.333.698	4.777.439

Dagar fram yfir gjalddaga	31. 12 2018			
	Vænt útlánatap	Brúttó virði	Niðurfærsla	Bókfært verð
Ógjaldfallið	1%	3.235.433	46.219	3.189.214
1-90 daga	4%	1.359.379	55.940	1.303.439
91-180 daga	10%	1.090.644	113.468	977.175
181-270 daga	17%	52.913	8.797	44.116
>271 daga	20%	129.066	26.259	102.807
Samtals		5.867.436	250.684	5.616.752

Aðrar skammtímakröfur

	30.06 2019	31.12 2018
Virðisaukaskattur	5.378.674	5.214.471
Fyrirframgreiddur kostnaður	115.125	87.424
Fjármagnstekjuskattur	29.210	18.312
Ógreiddir óinnheimtir vextir	46.670	0
Fyrirframgreidd laun	48.271	51.355
Aðrar kröfur	442.209	382.827
	6.060.159	5.754.389

Krafa félagsins vegna virðisaukaskatts samanstendur aðallega af óafgreiddum innsendum virðisaukaskattsskýrslum hjá ríkisskattstjóra fyrir tímabilin frá september 2016 til desember 2018. Ríkisskattstjóri hefur dregið í efa réttmæti þeirrar forsendu virðisaukaskráningar félagsins að félagið þjónusti millilandafor á Keflavíkurflugvelli sbr. 12. gr. laga um virðisaukaskatt og félagið njóti því ekki svokallaðs núllskatts, þ.e. fái endurgreiddan virðisaukaskatt af keyptum aðföngum og þjónustu en skili ekki útskatti. Félagið aftur á móti telur að þessi mikilvæga forsenda hafi legið skýrt fyrir við upphaf skráningar félagsins á virðisaukaskrá við stofnun þess. Félagið hefur haldið sínum sjónarmiðum á lofti með rökstuddum hætti og enn hefur ekki endanlegur úrskurður verið felldur í málinu. Útgefinn ársreikningur ársins 2018 tekur mið af þeirri aðferðafræði sem beitt hefur verið frá stofnun félagsins árið 2010.

Ef niðurstaða málsins verður félaginu í óhag þá eru áhrifin veruleg fyrir félagið. Áhrifin væru um 4.623 milljónir króna til hækkunar á varanlegum rekstrarfjármunum og um 923,8 milljóna króna lækkan á stöðu eigin fjár eða 739 milljónir króna teknu tilliti til skattaáhrifa.

Breytingar hafa nú verið gerðar á lögum um virðisaukaskatt sem tekur af öll tvímæli um heimild félagsins til að beita þeirri aðferðafræði sem beitt hefur verið frá stofnun félagsins. Þær breytingar urðu að lögum þann 1. janúar 2019. Mismunandi túlkun félagsins og ríkisskattstjóra á ákvæðum laga um virðisaukaskatt snýr því einungis að innsendum virðisaukaskattsskýrslum fyrir tímabilin frá september 2016 til desember 2018 eða fram að þeim tíma sem breytingin á lögnum tók gildi.

Skýringar

14. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	30.06 2019	31.12 2018
Bankainnstæður í íslenskum krónum	1.984.583	1.624.126
Bankainnstæður í erlendri mynt	1.579.220	2.803.972
Innláns reikningar	1.005.017	1.001.250
Sjóður	10.643	6.779
	<u>4.579.462</u>	<u>5.436.127</u>

15. Eigið fé

Hlutfé greinist þannig:

	Hlutir	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutfé í lok tímabilsins	5.589.063	100,0%	5.589.063

Eitt atkvæði fylgir hlut ríkisins. Fjármálaráðherra fer með hlut íslenska ríkisins í félaginu. Allt hlutfé er að fullu greitt.

16. Langtímaskuldir

	Skuldir við lánastofnanir	
	30.06 2019	31.12 2018
Skuldir í EUR	32.294.759	27.851.711
Skuldir í USD	0	2.892.813
Skuldir í ISK	5.838.239	6.016.029
	<u>38.132.998</u>	<u>36.760.553</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(5.365.580)	(3.133.778)
	<u>32.767.419</u>	<u>33.626.775</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Skuldir við lánastofnanir	
	30.06 2019	31.12 2018
Afborganir 1.7.2019 - 30.6.2020 / 1.1.2019 - 31.12.2019	5.365.580	3.133.778
Afborganir 1.7.2020 - 30.6.2021 / 1.1.2020 - 31.12.2020	3.377.309	5.068.473
Afborganir 1.7.2021 - 30.6.2022 / 1.1.2021 - 31.12.2021	1.490.292	1.494.920
Afborganir 1.7.2022 - 30.6.2023 / 1.1.2022 - 31.12.2022	1.447.047	1.408.541
Afborganir 1.7.2023 - 30.6.2024 / 1.1.2023 - 31.12.2023	1.982.918	1.669.171
Afborganir síðar	24.469.852	23.985.670
	<u>38.132.998</u>	<u>36.760.553</u>

17. Leigusamningar

Leigusamningar eru skuldbindingar félagsins sem eru færðir í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IFRS 16. Forsendur staðalsins og upplýsingar er að finna í skýringu númer 2 en greining á leiguskuldbindingum á tímabilinu er eftirfarandi:

Leigusamningar á innleiðingardegi IFRS 16 þann 1. janúar 2019	181.910
Nýjar leigucignir á tímabilinu	34.735
Afborganir á tímabilinu	(29.252)
Verðbætur tímabilsins	<u>2.656</u>
	190.049
Næsta árs afborganir 1/7 2019 - 30/6 2020	(57.886)
Staða í lok tímabils	<u>132.163</u>

Skýringar

18. Reiknuð tekjuskattsskuldbinding

	Tekjuskatts- skuldbinding
Staða í upphafi tímabilsins	2.138.638
Áhrif samsköttunar	(1)
Tekjuskattur til greiðslu á tímabilinu	(1.469)
Reiknaður tekjuskattur á tímabilinu	(648.681)
Staða í lok tímabilsins	1.488.487

	Tekjuskatts- skuldbinding
Frestaður skattur skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:	
Varanlegir rekstrarfjármunir og leigucignir	2.515.859
Veltufjáreignir	(406.224)
Frestaður gengismunur	132.649
Aðrir liðir	9.015
Áhrif af yfirferanlegu skattalegu tapi	(762.812)
	1.488.487

19. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	30.06 2019	31.12 2018
Innlendar viðskiptaskuldir	1.071.233	1.508.057
Erlendar viðskiptaskuldir	430.630	350.523
Viðskiptaskuld vegna Joint Finance samningsins	43.701	0
	1.545.564	1.858.581

Aðrar skammtímaskuldir

	30.06 2019	31.12 2018
Virðisaukaskattur	30.605	30.388
Ógreidd opinber gjöld	569.582	0
Ógreitt viðbótarframlag í lífeyrissjóð	119.410	295.460
Ógreidd laun og launatengd gjöld	1.687.044	696.103
Ógreidd orlofsskuldbinding	1.683.018	1.304.353
Ógreiddir áfallnir vextir	143.779	159.662
Ólokinn verksamningur	13.971	37.004
Fyrirframminnheimtar tekjur	240.052	239.699
Aðrar skuldir	93.803	92.097
	4.581.264	2.854.767

Næsta árs afborganir langtímaskulda

	30.06 2019	31.12 2018
Skuldir við lánastofnanir	5.365.580	3.133.778
	5.365.580	3.133.778

20. Aðrar skuldbindingar

Félagið hefur gengist í ábyrgð fyrir bankaábyrgð dótturfélagsins Tern Systems ehf. að fjárhæð um 1,6 milljón USD vegna verksamninga dótturfélagsins.

21. Samþykki árshlutareiknings

Samandregni árshlutareikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 26. september 2019.